

Mál nr. 449/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Starfsörorkutrygging.

Gildissvið vátryggingar. Lokauppgjör. Endurupptaka.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. nóvember 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir X fyrir hönd V, dags. 22. desember 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 5. janúar 2026.
4. Viðbótarathugasemdir X fyrir hönd V, dags. 13. mars 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt upplýsingum í málskoti, varð M fyrir líkamstjóni 2. júlí 2019, en hann var þá ökumaður bifreiðar sem lenti í árekstri. Ekki er ágreiningur um það í málinu að vegna afleiðinga þess slyss á M rétt á bótum úr starfsörorkutryggingu sem hann var með hjá V. Í málskotinu kemur jafnframt fram að M hefur bæði fengið greiddar bætur vegna tímabundins og varanlegs tjóns úr tryggingunni. Hvað varðar bætur fyrir varanlega örorku er upplýst að 19. nóvember 2020 fékk M greitt GBP 26.408 á grundvelli 15% örorku, samanber örorkumat dags. 21. október 2020. Í málskoti kemur einnig fram að óskað var eftir endurmati á afleiðingum slyssins í samráði við tryggingarfélag þeirrar bifreiðar sem var í órétti. Hafi V neitað að standa sameiginlega að endurmatinu þar sem það taldi að bótagreiðslurnar 19. nóvember hafi falið í sér lokauppgjör örorkubóta. Í endurmatargerð, dags. 4. júlí 2024, kom fram að í fyrri matsgerð hafi matsmenn komist að þeirri niðurstöðu að M hefði tognað í hálsi með afleiddum verk í hægri öxl og einnig í brjóstbaki og lendhrygg. Á þeim tíma hafi það verið niðurstaða matsmanna að M hefði óþægindi frá hálsi og herðum sem leiddu út í hægri öxl og skertu hreyfigetu hans í öxl og hálsi. Í ljósi læknisfræðilegra gagna væri hins vegar ljóst að M hefði við slysið orðið fyrir áverkum á öxl sem ekki hefði verið tekið tillit til við gerð fyrri matsgerðar. Í endurmatinu var tekið tillit til umræddra áverka og var niðurstaðan að varanlegur miski M var metinn 20 stig og varanleg örorka hans 20% í stað 15% áður. Í kjölfar endurmatsins fór M fram á frekari örorkubætur í samræmi við niðurstöðu þess. Hafi V hafnað þeirri kröfu með vísan til þess að lokauppgjör og fullnaðargreiðsla úr starfsörorkutryggingu M hafi farið fram árið 2020. Hafi það verið gert án fyrirvara af hálfu M og því sé ekki tilefni til að endurupptaka málið þrátt fyrir endurmatið. Í málskotinu er síðan að finna ítarlegan rökstuðning M fyrir því að hann eigi rétt á frekari bótum úr starfsörorkutryggingunni hjá V vegna hinnar auknu örorku. Er þar m.a. bent á að V hafi ekki véfengt sönnunargildi endurmatsgerðarinnar heldur byggi höfnunin einungis á því að þegar hafi verið greiddar bætur vegna slyssins og máli M sé þar með lokið. M telur því að endurmatsgerðin hafi fullt sönnunargildi um umfang tjóns hans og skuli lögð til grundvallar við uppgjör á bótum vegna varanlegrar örorku. Vísar M til meginreglu kröfuréttar um að kröfuhafi eigi rétt á fullum efndum kröfu sinnar máli sínu til stuðnings. Telur M því ljóst að tjón hans vegna umferðarslyssins sé bótaskyrt úr starfsörorkutryggingunni og að fyrri greiðsla V vegna tjónsins nemi ekki þeirri bótafjárhæð sem hann eigi sannarlega tilkall til á grundvelli vátryggingarskilmála, vátryggingarskírteinis og endurmatsgerðarinnar. Bendir M á að móttaka greiðslu bóta frá V á grundvelli fyrri matsgerðar hafi ekki falið í sér þegjandi viðurkenningu um að krafa hans hafi verið fallin niður, enda hafi hann hvorki ritað undir fullnaðaruppgjör né gefið út fullnaðarkvittun við móttöku greiðslunnar. M hafi því ekki skrifað undir eða samþykkt neins konar samkomulag við V um að greiðslan þann 19. nóvember 2020 væri lokagreiðsla. Bendir M einnig á að veigamikil rök þurfi að vera fyrir hendi svo kröfuhafi verði ekki talinn eiga rétt til viðbótargreiðslu, þegar greiðsla skuldara hefur ekki dugað til fullnustu kröfum kröfuhafa. Telur M slík rök ekki vera fyrir hendi.

Í athugasemdum V er á því byggt að lokauppgjör og fullnaðargreiðsla vegna umræddar tryggingar hafi farið fram á árinu 2020. Hafi það uppgjör verið án alls fyrirvara og því ekkert tilefni til að endurupptaka það. Þá beri samskipti V og lögmanns M frá því í október 2020 með sér að um lokauppgjör hafi verið ræða enda sé tiltekið í tölvupóstum 29. október það ár að lokagreiðsla og fullnaðaruppgjör vegna tjóns M væri 26.408 pund. Engar athugasemdir hafi borist frá lögmanni M sem hafi í nóvember ýtt á eftir greiðslu í samræmi við uppgjórið. Enginn fyrirvari hafi síðan verið gerður f.h. M við uppgjör bótanna.

Þá byggir V á því að M, sem hafi notið aðstoðar lögmanns, hafi mátt vera að fullu ljóst að um endanlegt uppgjör úr viðkomandi tryggingu væri að ræða og henni yrði lokað í framhaldinu. Ekki hafi því verið þörf á skriflegu samþykki um að í greiðslu bóta hafi falist fullnaðaruppgjör enda hafi M átt að vera það að fullu ljóst. Byggir V á því að meginreglan í íslenskum rétti sé sú að samkomulag um uppgjör sé bindandi og feli í sér endanlega greiðslu á kröfum tjónþola. Það þýði að þar sem M hafi tekið við bótum án nokkurs fyrirvara, verði að líta svo á að hann hafi fallið frá frekari bótarétti, jafnvel þótt afleiðingar tjónsatburðar reynist síðar alvarlegri en upphaflega var talið.

Í viðbótarathugasemddum M er túlkun V á samskiptum í aðdraganda greiðslu bóta og þýðingu þeirra samskipta mótmælt. Í athugasemddum V komi fram að jafna megi þeim samskiptum við samkomulag um uppgjör og að M hafi með því afsalað sér rétti til frekari bóta úr hendi V. Byggi V þá afstöðu sína á fullyrðingu um að umrædd samskipti beri með sér að um lokauppgjör hafi verið að ræða og að ekki hafi verið gerður fyrirvari við greiðslu bótanna. Telur M ljóst að ekki hafi farið fram fullnaðaruppgjör vegna tjónsins. Bent er á að V hafi ekki útbúið staðfestingu þess efnis að um fullnaðaruppgjör væri að ræða, líkt og tíðkist almennt við uppgjör bóta. Því telji M að V, sem sé sérfræðingur á sviði vátryggingaréttar, verði að bera hallann af því að hafa ekki útbúið slíka staðfestingu, hafi það sannarlega verið ætlunin að skilyrða greiðslu bóta við afsal alls frekari bótaréttar. Telji M því skýringar V um að samskipti í aðdraganda greiðslu bóta jafngildi bindandi fullnaðaruppgjöri ekki standast. Þá er á það bent að í samskiptum aðila megi finna staðfestingu M um að tiltekin fjárhæð sé lokagreiðsla á dagpeningum. Slíka staðfestingu fyrir bótum vegna varanlegrar örorku sé hins vegar ekki að finna í umræddum samskiptum. Því er ítrekuð sú afstaða M að fullnaðaruppgjör liggi ekki fyrir og bent á að réttur tjónþola til að fá fullar bætur sé talinn svo ríkur að hann hafi ekki fallið brott við greiðslu bóta, þrátt fyrir að fyrirvaralaust fullnaðaruppgjör liggi fyrir, sbr. t.d. dóm Landsréttar í máli nr. 674/2020. M telur því að móttaka greiðslu hafi ekki falið í sér hljótt samþykki hans um endanlegt lokauppgjör vegna tjónsins. Hann eigi því rétt á fullum efnidum kröfu sinnar, líkt og nánar sé rakið í málskoti.

Í viðbótarathugasemddum V er m.a. bent á að í tölvupóstsamskiptum aðila frá 29. október 2020, sé lögmaður M sérstaklega krafinn staðfestingar á því að M samþykki fyrirbyggjandi matsgerð og lokauppgjör á grundvelli hennar, þannig að lokagreiðsla og fullnaðaruppgjör vegna tjónsins yrði 26.408 pund. Þar sé jafnframt staðfest f.h. M að hann samþykki metna örorku sem sé 15% samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð. Í framhaldinu hafi lögmaður M verið upplýstur um að V hafi samþykkt fullnaðaruppgjör. Engar athugasemdir eða fyrirvari hafi verið gerður f.h. M vegna þessa og greiðsla móttækin athugasemdalaust. Þá mótmælir V þeim rökum M að fullnaðaruppgjör hafi ekki farið fram þar sem V hafi ekki útbúið staðfestingu þess efnis. Bendir V í því sambandi á að ljóst sé af samskiptum lögmanns M við V að forsendur fullnaðaruppgjörsins komi skýrt fram í tölvupóstsamskiptum auk þess sem greitt hafi verið í samræmi við þær. Því sé ljóst að lokauppgjör og fullnaðargreiðsla vegna umræddar tryggingar hafi farið fram á árinu 2020.

Álit.

Ágreiningslaust er að M átti rétt á bótum úr starfsörorkutryggingu hjá V. Hins vegar er ágreiningur um það hvort greiðslan sem innt var af hendi 19. nóvember 2020 hafi falið í sér lokauppgjör örorkubóta eða hvort M eigi rétt á frekari bótum á grundvelli endurmatsgerðar, dags. 4. júlí 2024. Eins og að framan greinir byggir V m.a. á því að greiðsla örorkubóta á grundvelli upphaflega matsins hafi falið í sér lokagreiðslu og því sé ekki fyrir hendi réttur til frekari bóta, jafnvel þó tjón M hafi reynst meira en upphaflega var talið. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að gögn málsins bendi til þess að aðilar hafi gengið út frá því að bótagreiðslan 19. nóvember 2020 hafi falið í sér fullnaðargreiðslu úr tryggingunni. Vísast þar m.a. til þess sem fram kemur í tölvupóstsamskiptum V og lögmanns M. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu er það mat nefndarinnar að þetta komi ekki sjálfkrafa í veg fyrir að M kunni að eiga frekari bótarétt úr tryggingunni leggi hann fram fullnægjandi gögn þess efnis að tjón hans sé meira en það sem gengið var út frá við uppgjörið. Telur nefndin að sú sé raunin í þessu máli, enda verður ekki séð að ágreiningur sé milli aðila um réttmæti niðurstöðu fyrirbyggjandi endurmats. Þá tekur nefndin fram að skilyrði endurupptöku í þessu máli ráðast ekki af þeim skilyrðum sem er að finna í 11. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þvert á móti telur nefndin að hér gildi sú meginregla að M eigi rétt á að fá tjón sitt að fullu bætt í samræmi við þá skilmála sem gilda um tryggingu. Því hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að M eigi rétt á frekari bótum í samræmi við þá auknu örorku sem um er fjallað í endurmatinu, þ.e. hækkun metinnar örorku úr 15 í 20%.

Niðurstaða.

M á rétt til frekari örorkubóta úr starfsörorkutryggingu hjá V.

Reykjavík, 21. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir